

**16. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn
fimmtudaginn 29. janúar 2015 og hófst kl 17:00**

Mætt eru: Hilma Steinarsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Dagrún Þórisdóttir, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki

Oddviti óskaði eftir því að bæta við dagskrárlið nr 17. Tækifærisleyfi vegna Þorablóts á Bakkafirði. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerð Fræðslunefndar Langanesbyggðar dags. 14. janúar 2015.

Liður 2. Vísað er til fundargerðar sveitarstjórnar dags 11. september 2014 og tekið undir með fræðslunefnd um endurskoðun á breytingum á reglum um stuðning til fjarnáms. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samráði við skólastjórnendur. Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir í fundargerð lagðir fram til kynningar.

2. Fundargerð Íþróttá- og tómstundanefndar Langanesbyggðar dags. 14. janúar 2015

Liður 1. Skíðasvæði. Umræða um málið og sveitarstjóra falið að skoða það. Samþykkt samhljóða.

Liður 2. Aldurstakmark á dansleiki í Langanesbyggð. Þar er fjallað um misræmi í aldurstakmarki á þorablót á Þórshöfn og á Bakkafirði. Það rétta er að aldurstakmark á þorablót Bakkafirðinga 2015 er 18 ára eins og á Þórshöfn. Til eru húsreglur um Þórsver en þörf er á að gera einnig húsreglur um önnur húsnaði sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að fara í þá vinnu. Samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð 261. fundar stjórnar Eypings dags. 19. nóvember 2014

Lögð fram til kynningar

4. Fundargerð 262. fundar stjórnar Eypings dags. 17. desember 2014

Lögð fram til kynningar

5. Fundargerð 167. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra dags. 12. nóvember 2014

Lögð fram til kynningar

6. Fundargerð 168. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra dags. 18. desember 2014

Lögð fram til kynningar

7. Fundargerð 371. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands dags. 16. janúar 2015.

Lögð fram til kynningar

8. Aðalfundur Samorku – Fundarboð dags. 16. janúar 2015

Lagt fram til kynningar. Fundurinn verður haldinn 20. febrúar n.k.

9. Greið leið – Áskrift að hlutafé

Á fundi sveitarstjórnar þann 11. desember 2014 samþykkti sveitarstjórn Langanesbyggðar að nýta sér forkaupsrétt á nýju hlutafé í Greiðri leið. Á aukafundi Greiðrar leiðar sem haldinn var þann 12. janúar sl. var ákveðið að óska eftir því að hlutahafar nýti forkaupsrétt sinn að óseldum hlutum samkvæmt meðfylgjandi gögnum. Lagt til að sveitarfélagið nýti sér forkaupsrétt á nýju hlutafé í Greiðri leið að upphæð 52.268 kr. Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að ganga frá tilkynningu þess efnis.

10. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga – breytt dagssetning

Lagt fram til kynningar

11. Innsiglingarljós á Bakkafirði

Hafnarnefnd hefur samþykkt að keypt verði innsiglingarljós í höfnina á Bakkafirði enda um öryggismál að ræða. Sveitarstjóri fór yfir kostnað og framkvæmd. Áætla má að heildarkostnaður verði um 350.000 kr. og verður það tekið af rekstrartekjum hafnarsjóðs. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra falið að vinna áfram og framkvæma.

12. Nýbygging leikskóla á Þórshöfn

U-listi óskaði eftir þessum dagskrárlið til að fá að vita hvernig málið stæði.

N- og L- listar lögðu fram eftirfarandi bókun:

Frá þeim tíma er nýr meirihluti tók við hafa kraftar farið í að gæta að stöðu og framtíð sveitarfélagsins og þar með fyrirhugaðrar leikskólabyggingar. Þegar nýr sveitarstjóri hóf störf kom fljótt í ljós að fjárhagsáætlun 2014 var ekki að ganga eftir, sérstaklega hvað varðaði tekjur. Fjárhagsáætlunin gerði ráð fyrir 18 milljóna tekjuafgangi fyrstu 6 mánuði ársins en raunstaðan var 21,9 milljóna rekstrarhalli samkvæmt 6 mánaða uppgjöri. Þar með var óvissa komin upp hvað varðar fjármögnun verkefnisins. Einnig kom í ljós þá að fyrri sveitarstjórn hafði hafið hönnun (ca 50% lokið) á leikskóla sem samkvæmt kostnaðaráætlun þáverandi sveitarstjóra upb 450 milljónir. Augljós vafi lék á nákvæmni kostnaðaráætlana enda voru til áætlanir á bilinu 307 milljónir og upp í 501 milljón. Áætlun dagsett 15. maí 2014 unnin fyrir þáverandi sveitarstjóra af EFLU verkfræðistofu er upp á 501 milljón. Á þeim tíma er fyrrgreindar áætlanir voru gerðar var hönnun miðað við 1.032 m² húsnæði auk endurbóta á 350 m² af eldra skólahúsnæði. Hvergi var hægt að sjá í gögnum að ætlunin hafi verið að áfangaskipta verkefninu til samræmis við upphaflegar stærðar og fjárhagsáætlanir.

Þegar ofangreint var ljóst þá tók meirihluti sveitarstjórnar þá ákvörðun að stöðva ferlið um stundarsakir og setja kraft í annarsvegar gerð útkomuspár fyrir rekstur sveitarfélagsins og hinsvegar að láta taka sama skýrslu um stöðu leikskólaverkefnisins. Faglausn ehf var fengin til að vinna umrædda skýrslu og er hún hér lögð fram sem fundargagn. Ekki verður í bókun þessari farið ítarlega í skýrsluna en þó sagt að ljóst er að verkefnið var komið í ákveðnar ógöngur ef horft er til upphaflegra áætlana og fyrri samþykpta sveitarstjórnar. Í skýrslunni kemur fram áætlaður raunkostnaður upp á allt að 543 milljónir. Upphaflegar samþykktir virðast hinsvegar hafa verið upp á ca 500 m² byggingu og 250 til 300 milljóna heildar framkvæmdakostnað.

Ítrekað hefur komið fram sá vilji meirihlutans að byggja leikskóla á Þórshöfn enda velkist enginn í vafa um þörfina, hún hefur verið fyrir hendi í amk áratug. Það er hinsvegar líka ætlan meirihluta N og L lista að gæta að fjárhag og stöðu sveitarfélagsins og sníða stakk eftir vexti á hvers tíma. Í ljósi þessa var farið í mikla vinnu í fjárhagsáætlanagerð fyrir 2015 og framkvæmdinni fundið pláss þó áætlaðar tekjur væru lægri og útgjöld hærri td vegna kjarasamninga. Einnig hefur vinna farið

fram hvað varðar staðsetningu og gerð byggingar. Skólaráðgjafi og meirihluti hafa fundað á Þórshöfn vegna málsins einnig hafa sveitarstjóri og skólaráðgjafi skoðað leikskóla.

Fjárhagsáætlun 2015 gerir ráð fyrir framkvæmdinni og lántökum henni tengdum, unnið er í anda núverandi skólastefnu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps. Áætlað er að framkvæmdir hefjist á komandi sumri.

U-listi óskaði eftir fundarhléi.

Fundarhlé gefið til 18:00.

U-listinn leggur fram eftirfarnadi bókun:

U-listinn vill að fram komi að allan tíman hafi hugmyndin verið að áfangaskipta verkefninu. Alltaf stóð til að byggja leikskóla fyrir um 250 milljónir króna. Ákveðið var að hanna heildarmyndina til að sjá möguleika skólasvæðisins og grófan heildarkostnað. Ljóst var samt að sveitarfélagið réði ekki við stærri framkvæmd en sem næmi 250 milljónum og búið var að ræða aðkomu Svalbarðshrepps að málinu.

U-listinn óskar eftir að fá að sjá þau gögn sem liggja að baki skýrslu Faglausna. Teljum við skýrsluna illa unna, á margan hátt og ber þess merki að höfundur hafi ekki haft öll gögnin undir höndum. Ekkert var talað við byggingarnefndina eða fyrrverandi sveitarstjóra við vinnu skýrslunnar og finnst okkur það sýna að verið sé að velja sjónarhorn á málið sem hentar meirihlutanum. Hörmum við að tíma og peningum Langanesbyggðar sé varið á þennan hátt.

U-listinn telur að fjármunum Langanesbyggðar sé best varið með því að haldið verði áfram með þær hugmyndir sem lágu á borðinu fyrir síðustu kosningar. U-listinn leggur til að sveitarstjórn samþykki byggingu 3ja deilda leikskóla fyrir um 250 milljónir króna með staðsetningu við grunnskólann á Þórshöfn.

13. Nefndir og ráð Langanesbyggðar

Umræðum um breytingar á fastanefndum. Lagt til að áður skipaður vinnuhópur leggi fram frumdrög fyrir næsta sveitarstjórnarfund. Samþykkt samhljóða.

14. Rekstraruppgjör janúar-desember 2014.

Á fundi sveitarstjórnar þann 30. september 2014 var lögð fram útkomuspá fyrir árið 2014. Nú eru komin fyrstu drög að rekstrarútkomu ársins 2014 samkvæmt þeim kemur árið 2014 betur út en útkomuspáin gerði ráð fyrir. Skýrist það að nær öllu leyti á hærri framlögum frá Jöfnunarsjóði og meiri útsvarstekjum en gert var ráð fyrir í útkomuspánni.

Ef horft er til fjárhagsáætlunar 2014 þá er 49,6 milljóna neikvæður útkomumunur á áætlun og drögum að rekstrareikningi. Þar munar mest um lægri útsvarstekjur, lægri tekjur af höfn og aukin útgjöld vegna launahækkana.

15. Dagsetningar næstu sveitarstjórnarfunda og staðsetningar

Næsti fundur sveitarstjórnar á að vera 12. febrúar n.k. en þá er Þorrablót Grunnskólans á Þórshöfn. Ákveðið að næsti fundur sveitarstjórnar verði 17. febrúar kl 18:00 á Bakkafirði. Sveitarstjórn stefnir síðan að því að hafa fjórða hvern sveitarstjórnarfund á Bakkafirði.

16. Skýrsla sveitarstjóra

Leikskólinn á Bakkafirði. Sveitarstjóri hefur verið að vinna að því að koma honum af stað. Húsnæðið er klárt.

Fjarfundaaðstaða á Bakkafirði. Undirbúningur við að koma upp fjarfundaraðstöðu í skólanum á Bakkafirði er hafinn. Búnaðurinn er kominn og smíðavinnunni er lokið.

Húsnæði sveitarfélagsins á Bakkafirði. Búið að fara með smíð og skoða möguleika á breytingum á húsnæðinu þar sem verslunin er til að auka notkun á því húsnæði.

Íþróttahús. Verið að skoða lausnir á rakavandamálum í sundlaugarrýminu. Einnig að skoða möguleikana á varmadælu í íþróttahúsinu. Sveitarstjóri kynnti þær upplýsingar sem komnar eru um málið.

Ferð til Þýskalands. Kynnt að sveitarstjóri og Siggeir munu fara til Þýskalands í byrjun febrúar ásamt Hafsteini starfsmanni Eflu að hitta forsvarsmenn Bremenports.

17. Tækifærisleyfi vegna Þorrablóts á Bakkafirði.

Lögð fyrir umsókn um tímabundið tækifærisleyfi vegna Þorrablóts í grunnskólanum á Bakkafirði. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:16